



112-DAGURINN

ÖRYGGI OG VELFERÐ BARNNA OG UNGMENNA

FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 2021



Bræðurnir Friðrik Dór og Jón Jónssynir standa hér á tröppum Austurbæjarskóla. Þeir komu fram í myndbandi lögreglunnar þar sem bent er á upplýsingatorg 112 gegn ofbeldi gegn börnum.

Við erum öll barnavernd

Mjög mikilvægt er að við stöndum saman um að vernda öryggi og velferð barna á Íslandi!

112 dagurinn er nú haldinn í 16. sinn og ég vil byrja á að þakka þeim sem hafa komið að skipulagningu með einum eða öðrum hætti. Það er virkilega ánægjulegt að fá að taka þátt í þessum mikilvæga degi með ykkur.

Þá er það sérstakt ánægjuefni að dagurinn í dag skuli nú vera tileinkaður barnavernd og öryggi og velferð barna og ungmenna. Þó COVID-19 veiran virðist ekki herja á börn með sama hætti og ýmsa aðra hópa þá taka áskoranirnar sem stafa affaraldrinum á sig ólíkar myndir sem geta skapað aukna hættu fyrir öryggi og velferð barna.

Um þessar mundir er aukið álag á öllu samfélaginu og þá ekki síst mikilvægustu einingu þess,

fjölskyldunni. Kvíði og streita geta skapast í tengslum við samkomubann, efnahagslegar áskoranir og minna aðgengi að stuðnings- og þjónustukerfum, bæði fagaðilum og ömmum, öfum og öðrum fjölskyldumeðlimum.

Reynslan sýnir okkur því miður að við þessar aðstæður aukast líkur á að börn verði þolendur vanrækslu og ofbeldis, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt.

Ég þekki það af eigin raun að búa við ööryggi í æsku og hvernig það getur haft áhrif á andlega líðan alveg fram á fullorðinsár. Saga mín er því miður saga allt of margra íslenskra barna.

Það er mjög mikilvægt að börn og fullorðnir viti hvað ofbeldi gegn

börnum er, en það hefur margar birtingarmyndir. Það er líka mjög mikilvægt að við þekkjum öll úrræðin sem eru í boði og hikum ekki við að láta barnaverndaryfirvöld vita eða hringjum í 112 ef við höfum rökstuddan grun um ofbeldi eða vanrækslu gegn barni.

Sameiginleg, rafræn gátt vegna ofbeldis fyrir þolendur, gerendur og aðstandendur var formlega tekin í notkun nýverið. Í henni felst að vefur 112, 112.is, er allsherjar upplýsingatorg um allt sem við kemur ofbeldi, ásamt því að hægt er að spjalla nafnlaust við neyðarverði í netspjalli.

Með sameiginlegri, rafrænni gátt vegna ofbeldis er allt ferli sem miðar að aðstoð einfaldað, upp-

lýsingar um hvað ofbeldi er gerðar aðgengilegar og boðið upp á úrræði til lausnar.

Með sérstöku, rafrænu netspjalli geta þeir sem þurfa aðstoð vegna ofbeldis, slysa, sjúkdóma eða annars leitað upplýsinga og aðstoðar hjá 112 nafnlaust, jafnvel þó þeir geti eða vilji ekki nota síma.

Ég hvet ykkur til að kynna ykkur þennan nýja vef, 112.is. Þar er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar sem hjálpa okkur öllum að átta okkur á birtingarmyndum ofbeldis sem geta verið alls konar.

Alveg eins og við erum öll almannavarnir þá erum við öll barnavernd – stöndum saman um að vernda öryggi og velferð barna á Íslandi!



Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Allir bera ábyrgð

Drífa Jónasdóttir, afbrotafræðingur, doktorsnemi og verkefnastýra hjá Kvennaathvarfinu, er einn helsti sérfræðingur landsins í heimilisofbeldismálum þar sem konur og börn eru þolendur.

Drífa hefur gert rannsóknir um meðal annars liðan þolenda heimilisofbeldis og helstu persónueinkenni ofbeldismanna. „Við í athvarfinu gerðum rannsókn árið 2018 um persónuleikaeinkenni ofbeldismanna. Oft sögðu konurnar sem komu í athvarfið svipaða sögu: Sambandið við makann byrjaði yfirleitt frábærlega, svo komu rauðu ljósin og síðan breyttust hlutirnir mjög fljótt til hins verra.

Konurnar lýstu gerandanum á mjög áþekkan hátt, oft sem stjórn-sömum, ógnvekjandi og afbrýðisömum. Þeir hótuðu oft að taka líf sitt, sökuðu konuna ítrekað um framhjáhald og allir í kring um þá voru „fífl og fávitar“. Þetta eru ekki alltaf sömu mennirnir, þó það komi fyrir, hins vegar virðast lýsingar kvennanna á þeim vera ansi keimlíkar,“ segir hún.

Þarf að huga betur að börnum

„Við gerðum rannsókn í fyrra um börn af erlendum uppruna sem flyðu í athvarfið með mæðrum sínum. Við spurðum 15 mæður hvað kerfið hefði gert fyrir börnin þeirra þegar vítað var af ofbeldi á heimilinu. Niðurstöðurnar sýndu að það þarf að taka mun betur utan um þessi börn sem og önnur börn sem búa á ofbeldisheimilum,“ útskýrir Drífa.

„Að mínu mati mætti vera ákveðið verklag í skólum og frístund þegar grunur leikur á ofbeldi

gagnvart börnum, verklag eins og er talað um að sé þegar upp koma eineltismál,“ bætir hún við.

Vita ekkert um kerfið

„Við höfum líka verið að skoða stöðu erlendu kvennanna sem til okkar leita. Það er algengara að konur af erlendum uppruna komi til okkar í dvöl miðað við þær íslensku, þar sem erlendar konur hafa síður þetta bakland að leita í. Sumar erlendu kvennanna hafa ekki hugmynd um hvernig íslenska kerfið virkar, þrátt fyrir að hafa búið hér í mörg ár og í einhverjum tilfellum er það vegna þess að röngum upplýsingum er haldið að þeim eða þær eru algjörlega einangraðar. Það mætti í raun bæta enn frekar kynningu á réttindum einstaklinga þegar fólk flytur hingað til lands, til að fyrirbyggja að einhverju leyti þá stöðu sem margar okkar erlendu kvenna virðast búa við.

Við höfum séð að stór hluti kvenna sem eru frá löndum utan Evrópu fer aftur heim til ofbeldismannsins eftir dvöl í Kvennaathvarfinu. Stundum er það vegna þess að þær eru bundnar í fjöttra eiginmannsins, hafa engan aðgang að fjármunum eða eru til dæmis háðar því að vera giftar honum í tengslum við leyfi til að vera áfram í landinu.“

Ofbeldi gegn börnum

Hlutfall kvenna sem nefna að



Drífa Jónasdóttir segir að tilkynningum um ofbeldi gagnvart börnum hafi fjölgað mikið og verið yfir 13 þúsund á síðasta ári. Það eru 36 tilkynningar að meðaltali á dag. Fleiri tilkynna ofbeldi á börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ofbeldi gegn börnum sé ein ástæða þess að konan er komin í athvarfið hefur hækkað á undanförunum árum. Það mætti túlka sem bæði vont og gott. Það er slæmt ef ofbeldi gegn börnum er að aukast. En það gæti líka þýtt að vitundarvakning hafi orðið um að fólk liti á ofbeldi á heimili barns sem ofbeldi gegn barni þó að ofbeldið beinist ekki beint gegn barninu. Á síðasta ári

voru tilkynningar til barnaverndar á Íslandi yfir 13 þúsund. Það eru 36 tilkynningar að meðaltali á dag. Vonandi er hluti skýringarinnar sá að fólk sé farið að skipta sér af vanrækslu og ofbeldi gegn börnum og tilkynna það,“ segir Drífa.

Allir eru skyldugir, samkvæmt íslenskum lögum, að tilkynna til barnaverndar ef ástæða er til að ætla að barn verði fyrir ofbeldi

eða búi við óviðunandi uppeldisá-stæður. „Það er frábært að hafa í dag þann möguleika að geta látið vita af sínum áhyggjum um velferð barns með því að senda skilaboð til barnaverndar gegnum heimasíðu 112. Við höfum bætt mikið heima-síðu Kvennaathvarfsins og þar er hægt að fræðast um heimilisofbeldi á níu tungumálum. Einnig bjuggum við til fræðsluefni sem er hugsað fyrir þær konur sem hafa ekki tök á að vera með síma eða nota tölvu. Það er líka mikilvægt að útbúa fræðslu fyrir almenning um heimilisofbeldi og úrræðin í boði. Allir eru ábyrgir,“ segir Drífa.

Drífa byrjaði að vinna fyrir Kvennaathvarfið árið 2016, þegar hún bar undir framkvæmdastýr-una hvort hún mætti vinna skýrslu um kostnað samfélagsins af heimilisofbeldi. Í framhaldinu var hún ráðin verkefnastýra athvarfsins og hefur tekið saman ýmsan fróðleik og skýrslur.

Drífa hefur einnig nýtt sér þessa þekkingu í doktorsnámi sínu sem hún hyggst ljúka í haust. Meðal annars skoðar hún komur kvenna á bráðamóttöku eftir heimilisofbeldi. „Í mínu doktorsverkefni kemur fram að kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna líkamsárása ofbeldismannanna hleypur á milljónum. Afleiddur kostnaður er einnig gríðarlegur, sérstaklega fyrir börnin sem búa við þær fjaránlegu aðstæður að alast upp á ofbeldisheimili,“ segir Drífa.

11.2

EINN EINN TVEIR

dagurinn

112 dagurinn

112-dagurinn er ævinlega haldinn 11. febrúar (11.2.). Hann er samstarfsverkefni Neyðarlinunnar og fjölda aðila sem tengjast neyðarnúmerinu með ýmsum hætti. Þeir eru: Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslan, Landspítalinn, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Rauði krossinn, Ríkislögreglustjórnin, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Vegagerðin. Æskulýðsvettvangurinn og samstarfsaðilar um allt land.

112 er samræmt neyðarnúmer Evrópu og er dagurinn haldinn víða um álfuna til að minna á að aðeins þarf að kunna þetta einfalda númer til þess að fá aðstoð í neyð. Markmiðið með 112-deginum er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi aðilanna sem tengjast því, efla vitund fólks um mikilvægi þessarar starfsemi og hvernig hún nýtist almenningi. Markmið dagsins er enn fremur að efla samstöðu og samkennd þeirra sem starfa að forvörnum, björgun og almannavörnum og undirstrika mikilvægi samstarfs þeirra og samhæfingar.

Forvarnir gegn ofbeldi

Árið 2015 gaf embætti Ríkislögreglustjóra út verklag fyrir lögreglu til að vinna eftir vegna heimilisofbeldismála.

Frá ársbyrjun 2020 og fram til dagsins í dag hefur fókusinn hjá lögreglu verið á forvarnir vegna ofbeldis, bæði í tengslum við heimilisofbeldi og ofbeldi í garð barna og ungmenna. Við fórum að skoða hvernig við gætum náð til samfélagsins og sérstaklega þeirra sem búa við eða hafa orðið fyrir ofbeldi. Í framhaldinu létum við gera nokkur forvarnarmyndbönd sem birt hafa verið á samfélagsmiðlum sem hluti af e.k. vitundarvakningu í mála-flokknum.

Fyrsta myndskreiðið sem birtist á samfélagsmiðlum var um heimilisofbeldi á tímum COVID-19, þar sem lögreglan hvetur fólk til að láta vita af ofbeldinu.

Næsta myndband kom á framfæri skilaboðum til barna um að lögreglan gæti hjálpað ef börn búa við eða verða fyrir ofbeldi. Nutum við aðstoðar ýmissa áhrifavalda á samfélagsmiðlum til að koma skilaboðunum á framfæri til barnanna. Vill lögreglan nota tækifærið og þakka sérstaklega þeim áhrifavöldum sem lögðu vinnu sína í þetta mikilvæga verkefni, virkilega vel gert hjá þeim.

Okkur þótti einnig mikilvægt að upplýsa börn um hinar ýmsu birtingarmyndir ofbeldis. Í þriðja myndbandinu töluðu tveir lögreglumenn til barnanna um hvað ofbeldi er og hvernig það getur birst. Lögð var áhersla á að gera þeim grein fyrir því að ef gerandinn er þeim nákominn



Unnar Þór Bjarnason og Katrín Bjarney Hauksdóttir starfa í forvarnadeild lögreglunnar.

þá leiðir það ekki endilega til þess að einstaklingurinn sé tekinn af heimilinu, heldur geti það leitt til þess að gerandinn fái hjálp.

Þar sem við búum í fjölbjóðlegu samfélagi töldum við mikilvægt að láta þýða texta myndbandanna yfir á önnur tungumál með það að markmiði að ná til sem flestra þjóðarbrotasem búa á Íslandi. Myndskeiðin hafa verið keyrð inn á samfélagsmiðlana með miðun eftir tungumálsstillingu vafra, þannig að þegar notandi notar vafra t.d. á pólsku þá kemur myndskreiðið upp með pólskum texta. Því eiga allir Pólverjar að geta séð það með pólskum texta.

Fjórða myndbandið sem lögregla lét gera snýr að ofbeldi meðal ungmenna og myndböndum af slíku ofbeldi sem dreift er á samfélagsmiðlum. Þar fengum við aftur til liðs við okkur áhrifavalda í sam-

félaginu sem, ásamt lögreglumönnum, tala til ungmenna um hvaða áhrif og afleiðingar ofbeldi geti haft á bæði á gerendur og þolendur. Í kjölfarið var einnig framleitt myndband sem ætlað er til að upplýsa foreldra og hvetja þá til að tala um ofbeldi við unglinginn sinn.

Þar sem lögregla hefur í gegnum tíðina þurft að hafa afskipti af málum þar sem ofbeldi hefur haft gríðarlegar afleiðingar í för með sér, bæði fyrir þolendur og gerendur, vildum við skoða nánar aðkomu ungmennanna í myndböndunum sem birt höfðu verið á samfélagsmiðlunum.

Ákveðið var að fara í þríþætta nálgun sem felst í að:

- a. Rannsaka málin
- b. Efla fræðslu og samstarf
- c. Stuðla að vitundarvakningu meðal almennings

Lögreglan lítur ofbeldi mjög alvarlegum augum og vill leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir það. Myndböndin eru liður í því að fræða og vekja fólk til umhugsunar um vandann, en auk þess leggjum við áherslu á að rannsaka málin og vinna með samstarfsaðilum okkar til að draga úr ofbeldi.

Nálgast má myndskreiðin ásamt upplýsingum um ýmsa fagaðila sem hægt er að leita til, til þess að fá aðstoð <https://www.log-reglan.is/raedsla/>

Barnaverndarnefnd bjargaði okkur

Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir var fimm ára þegar þær tvíburasystir hennar voru sendar í fóstur á vegum barnaverndarnefndar. Þegar móðir þeirra féll frá voru þær ættleiddar af fósturforeldrunum.

Ég man vel eftir þessum degi og léttinum sem ég upplifði þegar tveir lögreglumenn komu til að taka okkur systur af heimilinu. Þeir voru ákaflega blíðir og sinnstu okkur fallega og vel. Því varð ég aldrei hrædd heldur upplifði þá sem góða bjargvætti sem færu loks með okkur á betri stað. Ég átti þessa einlægu von, að mín biði betra líf, aðeins fimm ára gömul.“

Þetta segir Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir, verkefnastjóri Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu. Hún var fimm ára þegar barnaverndaryfirvöld fjarlægðu hana af heimili móður hennar, ásamt tvíburasystur hennar, Amöndu Karimu. Systurnar fæddust í Svíþjóð þar sem þær bjuggu fyrstu þrjú ár ævinnar, en blóðfaðir þeirra er frá Alsír.

„Þegar mamma flytur með okkur til Íslands var hún illa haldin af fíknisjúkdómi og misnotaði bæði áfengi og lyf. Því var mikil óregla á heimilinu og hún ófær um að sjá um okkur. Ég á minningar um karlmenn sem komu á heimilið og fóru með henni í svefnherbergið þaðan sem heyrðust hljóð sem tilheyra fullorðnu fólki fyrir luktum dyrum og ég vissi að börn ættu ekki að heyra. Ég fór í búðina og stal karamellum og eitt kvöldið leiddi ég systur mína þaðan sem við bjuggum í Bökkunum yfir til ömmu, sem bjó nokkuð langt frá á öðrum stað í Breiðholtiinu. Það var mín sjálfsbjargarviðleitni til að bjarga okkur systrum úr skelfilegum aðstæðum og þótt ég væri svona litil þekkti ég muninn á réttu og röngu. Svo kom mamma reið og sótti okkur til ömmu og rassskellti mig fyrir að hafa farið.“

Spennt að fá nýja foreldra

Tvíburasysturnar Katrín og Amanda voru settar á barnaheimili á vegum barnaverndarnefndar á meðan þeim voru fundnir fósturforeldrar.

„Við vorum heppnar að vera ekki aðskildar. Þar voru líka fleiri börn og systkin sem höfðu verið tekin af heimilum sínum. Mér leið vel á barnaheimilinu og man eftir gríðarlegri spennu yfir því að sjá hvernig foreldrar okkar yrðu. Þau komu og heimsóttu okkur nokkrum sinnum, og þegar þau sáu okkur, og við þau, var eins og það hefði alltaf verið. Þetta horfði þó ólíkt við okkur systrum. Amanda upplifði meiri söknuð til mómmu og þetta var erfiðari tími fyrir hana. Það var þó mikill stuðningur að hafa hvora aðra, við höfum alla tíð verið mjög nánar og mér leið vel að hafa hana með mér,“ segir Katrín.

Það voru hjónin Emília Karls-



Katrín er þakklát aðkomu barnaverndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

dóttir og Ólafur Hjálmarsson í Grundarfirði sem tóku systurnar í fóstur á vegum barnaverndarnefndar.

„Við vorum ofboðslega lán-samar að eignast þau fyrir foreldra og eftir á að hyggja held ég að það hafi verið góð ákvörðun að koma okkur í annað umhverfi í stað þess að hafa okkur áfram í borginni þar sem blóðmóðir okkar bjó. Grundarfjörður er gott og rólegt samfélag þar sem allir tóku vel á móti okkur og voru glaðir fyrir hönd mömmu og pabba sem áttu ekki önnur börn. Þá þótti mjög spennandi að komnir væru tvíburar í litla sjávarþorpið,“ segir Katrín glettin.

Huggun harmi gegn

Þeim systrum leið strax vel með fósturforeldrum sínum í Grundarfirði og Amanda kom fljótt til. Tilfinningin var hlý og góð og þær kölluðu Emilíu og Ólaf strax mömmu og pabba.

„Mamma var glæsileg og við horfðum á hana með stjörnur í augum því blóðmóðir okkar var orðin mjög lifuð og gjarnan með yfirgnæfandi ilmvatnslykt til að fela áfengisfnykinn. Allt var miklu eðlilegra á nýja heimilinu og gott að vera í kringum fólk sem lifði heilbrigðu lífi,“ segir Katrín og þær systur fundu til stols yfir nýju foreldrum sínum.

„Móðir okkar hafði heimsóknar-rétt nokkrum sinnum á ári og þær amma komu að heimsækja okkur og við fórum suður til þeirra og fengum símtöl í kringum jólin. Ég varð þá rosalega upptekin af því að aðrir sæju ekki blóðmóður okkar því hún leit svo illa út.“

Katrín segir Emilíu mömmu sína hafa skynjað að blóðmóður þeirra systra væri létt að sjá hversu vel fór um dæturnar hjá fósturforeldrum sínum.

„Það var frekar að amma væri ósátt við að enginn úr fjölskyldunni hefði tekið okkur, en það virtist vera móður okkar huggun harmi gegn að sjá að við bjuggum við mjög góðar aðstæður, nokkuð



Tvíburasysturnar Katrín og Amanda fyrsta sumarið á nýja heimilinu.

sem hún hefði aldrei getað veitt okkur.“

Blóðfaðirinn gerði tilkall

Þegar systurnar voru tólf ára fengu þær óvænta heimsókn frá Hildi Sveinsdóttur, félagsráðgjafa hjá barnaverndarnefnd.

„Við settumst með Hildi inn í stofu og ég skynjaði strax hvers vegna hún var komin. „Er hún dain?“ spurði ég, og átti við blóðmóður okkar. Þá kom í ljós að líferni hennar og fíknisjúkdómur höfðu dregið hana til dauða. Við óskuðum þess eins að mega vera áfram hjá mömmu okkar og pabba sem vildu ættleiða okkur, en á þessum tím punkti gerði blóðfaðir okkar tilkall til okkar. Hann er múslimi og þeirra á meðal þykir mikil skömm að missa frá sér börnin. Á flugvöllum voru hengdar upp myndir af okkur ef hann skyldi reyna að ná í okkur, en hann gerði það ekki og ættleiðingin gekk eftir, sem betur fer fyrir okkur,“ segir Katrín, sem er í engu sambandi við blóðföður sinn sem eignaðist tvö önnur börn í Svíþjóð, með tveimur öðrum konum, og hafa þær systur verið í sambandi við hálf systkin sín á fullorðinsárum.

Hræddar um að vera skilað

Katrín segir lán og blessun hvernig barnaverndarnefnd stóð að málum þeirra systra og að hún sé þakklát fyrir foreldra sína og öryggið sem þær fengu hjá þeim.

„Mamma segir að það hafi hjálpað okkur hvað við systurnar vorum skynsamur og með gott upplag. Ég man þó hvað ég var hrædd um að okkur yrði skilað ef við værum ekki nógu stilltar og þrúðar. Svo var útskýrt fyrir okkur að við mættum auðvitað vera eins og önnur börn og að okkur yrði ekkert skilað, að þau elskuðu okkur sama hvað. Þau gerðu allt svo vel og opinskátt, það var enginn feluleikur og við máttum spyrja og tala um blóðmóður okkar eins og við vildum.“

Saga þeirra systra er farsæl. „Það var rétt ákvörðun hjá barnaverndarnefnd að taka okkur af heimilinu því ástandið þar var ekki börnum bjóðandi. Hvort það hefði mátt gerast fyrr, er svo önnur spurning, því fimm ára börn muna orðið margt. Ég óska engu barni að búa við aðstæður eins og við systur lifðum við. Lagaumhverfið og móðurrétturinn er sterkur en þegar fíknisjúkdómur er svo langt genginn er erfitt að

vinda ofan af honum og þá þarf að draga börn úr umhverfinu með hraðvirkara og skilvirkara ferli,“ segir Katrín.

Óreglan á heimilinu hafi haft mikil áhrif og hún hafi þurft aðstoð við að vinna úr lífsreynslunni.

„Þá hjálpaði okkur að hafa góða félagsráðgjafa, alveg ofboðslega góðar konur sem voru í sambandi við okkur fram á fullorðinsár og myndaðist mikil hlýja og vinátta á milli. Samfylgdin við þær Jóhönnu og Hildi var dýrmæt og seinna unnum við með Hildi Sveinsdóttur á námskeiðum fyrir verðandi fósturforeldra á Barnaverndarstofu, um það að vera fósturbörn og hvað okkur fannst skipta máli.“

Von um betri framtíð barna

Katrín segir brýnt að allir sem standi að velferð barna tali saman.

„Við erum litil þjóð og þetta á ekki að vera flókið. Með yfirsýn og skilvirkni geta allar stofnanir talað saman: leikskóli, grunnskóli, lögreglan og barnavernd. Ekkert barn á að lifa við aðstæður eins og við gerðum. Við þurfum að hafa börnin í forgangi og biða ekki með ákvarðanir heldur láta hagsmuni þeirra ráða frekar en móðurréttinn. Við systur vorum heppnar að komast heilar í gegnum þetta en sum börn þola verr við og ná sér aldrei á strik.“

Í dag hafi börn tækifæri til að hringja í 112 og leita sér hjálpar.

„Við höfðum ekki þessi bjargráð þá, að geta hringt í 112. Við vorum ekki með gsm-síma né eldri systkin til að hringja og þurftum að treysta á fullorðna fólkið,“ segir Katrín.

„Ég er viss um að hægt er að gera miklu betur. Við þurfum líka að innleiða og horfa meira á Barna-sáttmálann. Það er mikið af góðu fólki í barnaverndarstörfum. Maðurinn minn er lögreglumaður og flugmaður og segir erfiðustu málin á götunni að sjá eymdina í augum barna sem búa við óreglu, ofbeldi og vanrækslu. Það er ríkt í fólki að vilja bjarga börnum en sárt þegar lög eða regluverk standa í vegi fyrir því. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislög-reglustjóri og Ásmundur Einar Daðason, félagsmálaráðherra hafa unnið mjög góða hluti til að auka velferð barna. Lögreglan í að koma á skýrara verklagi í heimilisofbeldismálum og opna þannig gluggann og umræðuna enn meira, og ráðherra með því að stíga fram og ræða þessi mál við þjóðina. Það er mín von að því fylgi betri árangur og betri framtíð fyrir börnin.“

Framfaraskref í stafrænum veruleika

Stafræn tækni hefur umbylt samskiptum mannkynsins. Hún hefur falið í sér gifurleg tækifæri til framfara en einnig möguleika til þess að festa í sessi skaðlega hegðun og háttsemi sem birtist með nýjum hætti. Samskipti breytast og líka brot gegn fólki, þar á meðal ofbeldisglæpir.

Rafræn gátt 112 er gríðarlegt framfaraskref sem byggist á gagnkvæmum samskiptum til þess að lækka þröskuldinn til viðbragðs- og stuðningsaðila til að tilkynna um ofbeldi. Sumir hafa veigrað sér við að hringja og unga kynslóðin kann oft betur við samskipti í gegnum takkaborðið á tölvunni

eða símanum. Þá verður Neyðarlinan styrkt til að skipuleggja vitundarvakningu í kringum vefgáttina til að nálgast viðkvæma hópa með það markmið að hvetja alla til að segja frá og vekja athygli á mismunandi birtingarmyndum ofbeldis.

Rafræn gátt 112 er ein af megin-tillögum aðgerðateymis gegn ofbeldi sem við félags- og barnamálaráðherra skipuðum til að stýra og samræma aðgerðum gegn ofbeldi á tímum efnahagsþrenginga og áfalla. Fleiri tillögum hefur nú þegar verið hrundið af stað eins og opnun nýs Kvennaathvarfs fyrir konur á Akureyri og vitundar-

vakningu lögreglunnar til barna um ofbeldi. Þá hefur skilvirkni verið aukin í málaflokknum með auknum rafrænum samskiptum innan kerfisins. Þannig berast upplýsingar hratt og örugglega milli stofnana sem koma að ofbeldisbrotum og samhæfa betur aðgerðir gegn þeim.

Á yfirstandandi þingi hef ég einnig mælt fyrir lagabreytingum sem málefninu tengjast um umsáturseinelti og kynferðislega friðhelgi, sem styrkja vernd brotaþola gegn margs konar ofbeldi. Ákvæði er varðar umsáturseinelti er komið í almenn hegningarlög. Kynferðisleg friðhelgi mun styrkja

réttarvernd gegn kynferðisofbeldi í gegnum stafræna tækni, sem er því miður orðin algeng aðferð til að brjóta á einstaklingum. Mikilvægt er að styrkja réttarvernd einstaklinga með hlidsjón af þeim samfélagslegu breytingum sem hafa orðið með aukinni tækni-væðingu og að lækka þröskulda til að tilkynna um öll brot og hafa aðgengi að viðbragðsaðilum. Það er mikilvægt að stjórnvöld láti sig þessi mál varða og bregðist við með þeim hætti að hægt sé að veita vernd og öryggi. Til hamingju með 112 daginn!

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra.



Barnavernd á tímum kórónaveiru

Stóraukinn fjöldi tilkynninga hefur komið frá almenningi til barnaverndar. Um 1.200 tilkynningar bárust í fyrra beint í gegnum neyðarnúmerið 112 vegna gruns um ofbeldi gegn börnum.

Við erum öll almannavarnir er stef sem líklega hvert íslenskt mannsbarn þekkir í dag, frasi sem hefur hljómað undanfarið vegna heimsfaraldurs sem engin þjóð hefur farið varhluta af. Slagorð almannavarna minnir okkur á mikilvægi samfélagsábyrgðar og samvinnu – en það er einmitt þannig sem við getum, sem samfélag, unnið okkur í gegnum vána. Á tímum fjölda-takmarkana, samkomubanna, heimavinnu, jólakúla og ferðalaga innanhúss, hægist á hraða hversdagsins og virðist lífið jafnvel á stundum hafa svo gott sem stöðvast. Fólk er hvatt til heimaveru og heimilið, auk síns hefðbundna hlutverks, hefur orðið gríðastaður gegn ósýnilegum virus.

En heimilið er ekki öllum það skjól sem það ætti að vera. Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði árið 2020 um 15,6% frá því sem var 2019. Þetta er meiri fjölgun á milli ára en sést hefur undanfarin ár, en á tímabilinu 2015-2019 fjölgaði tilkynningum um 7,3% að meðaltali á milli ára.

Hlutfallslega hefur fjölgunin verið mest vegna ofbeldis, en tilkynningum vegna ofbeldis fjölgaði um rúm 25% 2019-2020. Mest hefur aukningin verið vegna líkamlegs ofbeldis annars vegar og tilfinningalegs ofbeldis hins

vegar og nemur sú aukning 25-30% á landsvísu. Ef tilkynning berst vegna barns sem talið er að beitt sé tilfinningalegu ofbeldi, er sérstaklega skráð hvort um er að ræða heimilisofbeldi, en það er þegar barn verður vitni að ofbeldi á milli fjölskyldumeðlima. Slikum tilvikum fjölgaði um tæp 15% á milli ára.

Mikilvægi almennings í barnavernd

En þar með er aðeins hálf sagan sögð. Barnaverndarnefndir treysta á tilkynningar frá almenningi og stofnunum en örfá mál á ári eru tekin upp að frumkvæði barnaverndar og tilkynningar berast ekki barnaverndarnefndum í tómarúmi. Síðastliðin fimm ár hafa 0,5-0,7% tilkynninga borist frá barninu sjálfu, og í um 7-8% tilvika tilkynntu foreldrararnir sjálfir. Aðrar tilkynningar berast frá fólki og stofnunum sem standa barninu nærri og eru annað hvort að sinna sinni lagalegu eða samfélagslegu skyldu, að leyfa barni að njóta vafans. Þriðjungur tilkynninga síðastliðin fimm ár hefur borist frá stofnunum sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur, þar af helmingur frá skólastofnunum.

Mikilvægi almennings í barnavernd varð kannski hvað ljósast núna árið 2020, þegar viðvera í



Eva Dögg Sigurðardóttir, sérfræðingur í greiningu tölu-legra gagna hjá Barnaverndarstofu.

skólum var minni, íþróttastarfssemi í lágmarki og heimaveran meiri. Árið 2020 fjölgaði tilkynningum frá ættingjum um 44% og frá nágrönnum fjölgaði þeim um 35% frá því sem var árið 2019.

Eflitið er til tilkynninga sem bárust til Barnaverndar í

Reykjavík sést að eðli tilkynninga sem bárust frá nágrönnum og almennum borgurum árið 2020 tók sérstaklega miklum breytingum frá árinu áður, en til að mynda voru tilkynningar vegna ofbeldis þar tvöfalt fleiri árið 2020 en árið 2019.

Barnanúmerið 112

Í fyrra bárust um 1.200 tilkynningar til barnaverndarnefnda beint í gegnum neyðarnúmerið 112. Þar að auki berst fjöldi tilkynninga til lögreglu sem eiga uppruna sinn hjá áhyggjufullum samborgurum sem hringja í neyðarnúmerið til þess að tilkynna um atvik eins og grun um heimilisofbeldi, hávaða á heimili eða jafnvel grunsamlegt aksturslag. Neyðarlínan gegnir þar með veigamiklu hlutverki sem milli-liður fyrir almenning, sem óskar eftir aðstoð lögreglu, oft án þess að vita frekari deili á hverjir það eru sem eiga í hlut eða hvort barn sé á heimilinu. Í slíkum tilvikum tilkynnir lögreglan málið til barnaverndar sé þess þörf.

Það er samvinnuverkefni að vernda börnin okkar og þar gegnir almenningur jafn mikilvægu hlutverki og stofnanir. Við erum vissulega öll almannavarnir – en við erum líka öll barnavernd.

Höfundur greinar er Eva Dögg Sigurðardóttir, sérfræðingur í greiningu tölu-legra gagna hjá Barnaverndarstofu. Greinin er byggð á grunni greiningarvinnu sem unnin er fyrir miðstöð ofbeldismála sem hefur það markmið að halda utan um upplýsingar er varða ofbeldi gegn börnum.

Ekki láta barnið líða fyrir vafann

Árið í fyrra var, að sögn Sigurðar Arnar Magnússonar, metár í fjölda tilkynninga og þeim fjölda barna sem komu inn á borð Barnaverndar Reykjavíkur. Þá vörðuðu 5.316 tilkynningar 2.217 börn.

Barnavernd Reykjavíkur fór í umtalsverðar breytingar á starfsemi sinni árið 2019. Bráða- og viðbragðateymi Barnaverndar Reykjavíkur kom til árið 2019 vegna umfangsmikilla kerfisbreytinga hjá nefndinni í Reykjavík. Áður fyrr unnu þrjú teymi innan nefndarinnar, þ.e. könnunarteymi, meðferðarteymi og fósturteymi. „Teymin voru orðin það stór, að þörf var á að brjóta þau upp í þau fimm teymi sem eru í dag. Nú er meiri sérhæfing innan hvers teymis. Þá er sérstakt unglingateymi, sérteymi sem einblínir á stuðning og meðferð fyrir yngri börn, svo eitthvað sé nefnt. Í okkar deild starfa sjö fagaðilar með vídeigandi menntun og reynslukröfur,“ segir Sigurður Örn Magnússon, deildarstjóri bráða- og viðbragðsteymis.

Metár í fyrra

„Við fáum um 4.000-5.000 tilkynningar á borð til okkar á ári er varða 1.800-2.000 börn. Árið 2020 var metár í tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur og í fjölda barna sem tilkynningarnar snerust um. Þá voru tilkynningarnar 5.316 talsins og vörðuðu 2.217 börn. Árið á undan vörðuðu 4.677 tilkynningar 1.978 börn sem sýnir fram á talsverða aukningu. Við höfum aldrei séð svo háar tölur en þetta hefur líka verið þungt ár fyrir marga. Tilkynningar koma allt í senn frá almennum borgurum, skólum og leikskólum og um helmingur kemur frá lögreglu.“

Engar Grýlur

Bráða- og viðbragðateymið leggur



mat á hvert mál fyrir sig. „Við gætum ávallt meðalhófs í okkar starfi og horfum á umfang og eðli vandans hverju sinni til að ákvarða hvort og hversu mikillar íhlutunar er þörf. Í tilfelli ofbeldis eða harðræðis, könnum við hvort um einstakt tilvik sé að ræða, metum alvarleika málsins, er barn með áverka og fleira, þurfum að leggja mat út frá því hvert sé næsta skref í ferlinu. Oft er nóg að ræða við foreldra, taka samtalið og útskýra fyrir foreldrum hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að veita forsjáradílum stuðning til að bæta aðferðir sínar. Taka skal fram að

í barnaverndarlögum er skýrt að það að beita barn andlegum og/ eða líkamlegum refsingum er refsivert athæfi.“

Taka fyrir í taumana

Teymin hjá Barnavernd Reykjavíkur kanna mál og tilkynningar á grundvelli barnaverndarlaga og eftir atvikum eru mál unnin í kjölfar kannana á grundvelli barnaverndarlaga. „Stundum telst vandinn ekki alvarlegur og þá lokum við málum án frekari aðkomu og leiðbeinum foreldrum ef þörf er á stuðningi. Okkar markmið er að vinna í samstarfi og samvinnu við forsjáradila og

börnin sjálf og markmiðið er alltaf að bæta aðstæður barns á heimili sínu og styrkja forsjáradila sem eru í þörf fyrir aðstoð. Stundum nægir að tengja forsjáradila og börn við nærumhverfi sitt þar sem þjónusta er veitt fyrir fjölskylduna. Hér er fókussinn að koma málum barna sem fyrst í farveg þannig að unnt sé að vinna með vandann á fyrstu stigum.

Mörg úrræði finnast í nærumhverfi og eru í boði fyrir fjölskyldur sem þurfa að aðstoð að halda, en það getur erfitt að rata og finna vídeigandi úrræði í kerfinu. Margir vita ekki hvaða úrræði standa þeim til boða og þá veitum

Markmið Barnaverndar Reykjavíkur er að vinna í samstarfi og samvinnu við forsjáradila og börnin sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/ DANÍEL

við stuðning og leiðum fólk áfram í kerfinu. Þannig komum við fyrr inn í aðstæður, komum málum í vinnslu til að hindra að þau verði að stærri málum síðar meir innan barnaverndarkerfisins.

Í sumum tilfellum þarf frekari aðkomu barnaverndaryfirvalda, en þá eru foreldrar til dæmis ekki meðvitaðir um eigin vanda eða vanda barnsins, eða neita jafnvel að þiggja stuðning sem könnun hefur leitt í ljós og talinn er nauðsynlegur til að bæta aðstæður barnsins.“

Hringdu þó þú sért í vafa

Barnavernd Reykjavíkur er með síma vakt þar sem hægt er að tilkynna mál til Barnaverndar Reykjavíkur. „Í mörgum tilfellum getur verið vandmeðfarið hvort þurfi að tilkynna eða ekki. Fólk getur því ávallt leitað til okkar með vangaveltur um hvort þörf sé á frekari aðkomu barnaverndar í einstaka tilfelli. Þá veitum við ráðgefandi samtal. Stundum hafa foreldrar sjálfir samband við okkur til að fá upplýsingar um úrræði eða stuðning inn á heimili.“

Til staðar allan sólarhringinn

Hvort sem um tilkynningar eða vangaveltur er að ræða, þá er síminn hjá Barnavernd Reykjavíkur 411-9200. „Síma vaktin hjá okkur er á mánuðögum til fimmtudaga frá kl. 13-15 og á föstudögum milli kl. 10-12. Eftir hefðbundinn skrifstofutíma er aðili á bakvakt allan sólarhringinn. Allar barnaverndarnefndir á Íslandi utan skrifstofutíma fara í gegnum 112, en það á vissulega eingöngu við um mál þar sem barn er í neyð.“

Hvernig geta skólahjúkrunarfræðingar hjálpað?

Skólahjúkrunarfræðingar hafa ýmislegt á sinni könnu og gegna meðal annars mikilvægu hlutverki þegar kemur að líðan og velferð grunnskólabarna. Öll börn eiga rétt á að láta sér líða vel.

Það er ekki sjálfgefið að lönd af sömu stærðargráðu og Ísland bindi það í lög að allir grunnskólar landsins skuli hafa skólahjúkrunarfræðing á sínum snærum. Hér á Fróni erum við þó svo heppin að sú er raunin, en hvað gera skólahjúkrunarfræðingar eiginlega? Ýmsir kynnu að halda að þeir séu bara til staðar, svona til öryggis – sitji og bíði eftir að einhver slasi sig.

Sem starfandi skólahjúkrunarfræðingur leyfi ég mér hins vegar að fullyrða að það fer enginn í fjögurra ára háskólanám og jafnvel framhaldsnám til þess eins að setja plástur og „kyssa á bágtið“, með fullri virðingu fyrir þeirri mikilvægu athöfn.

Heilsuvernd grunnskólabarna

Þjónustan, sem með réttu kallast Heilsuvernd grunnskólabarna, er nokkurs konar framhald af ung- og smábarnavernd og það er Þróunar- miðstöð íslenskrar heilsugæslu (ÞÍH) sem heldur utan um starfsemina, útbýr viðurkennt fræðslu-

efni og samræmir verkferla meðal allra skólahjúkrunarfræðinga á landinu.

Undanfarin ár hefur áherslan á geðheilbrigðisfræðslu til nemenda aukist til muna, en auk þess að sinna fræðslu- og forvarnarstarfi í öllum árgöngum má segja að skólahjúkrunarfræðingar séu tengiliðir eða brú milli ólíkra stofnana, s.s. heilsugæslu, BUGL, skóla og bæjarfélags (þ.m.t. Barnaverndar). Stór hluti af starfi þeirra felur í sér þverfaglega teymisvinnu við alla þessa aðila og þá sitja skólahjúkrunarfræðingar í nemendaverndarráði skólans, eineltis- og áfallaráði, auk ýmissa annarra samráðsteyma þar sem markmiðið er fyrst og fremst að tryggja velferð barna.

Málsvari nemenda

Ásamt hefðbundnum skóla-skóðunum eiga skólahjúkrunarfræðingar samtal (í einrúmi) við öll börn í 1., 4., 7. og 9. bekk um lífsstíl þeirra og líðan. Um er að ræða hálfstaðlað viðtal, sem þýðir að spurningarnar eru staðlaðar en



Ilmur Dögg Nielsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Viðistaðaskóla, Hafnarfirði.

þjóða jafnframt upp á tækifæri til frekari umræðu, áhugahvetjandi samtals og/eða lausnaleitar, ef því er að skipta.

Innihald viðtalanna er mismunandi eftir aldri og þroska viðkomandi nemendahóps, en m.a. er spurt um vináttu, virkni, sjálfsmynd, áhættu hegðun og einkenni kviða. Þá er rýnt í heilsufarsvenjur (s.s. svefn, tölvunotkun, mataræði o.fl.), hvort þeim líði illa í kringum

einhverja og hvort þeir hafi verið beittir ofbeldi af einhverju tagi. Ef fram koma upplýsingar sem þarf að skoða betur, s.s. andleg vanlíðan, vanvirkni eða ofbeldi, er málið unnið í samráði við kennara, skólastjórnendur, Barnavernd, foreldra eða aðra heilbrigðisstarfsmenn – allt eftir eðli málsins. En fyrst og fremst er skólahjúkrunarfræðingurinn málsvari nemenda. Þegar kemur að því að skima

fyrir kviða og/eða kortleggja betur andlega vanlíðan hafa margir skólahjúkrunarfræðingar fengið þjálfun í að taka svokallað kviðagreiningarviðtal (ADIS) og meðhöndla vægan kviða. Ef þörf er á frekari meðferð vísa þeir málinu áfram t.d. til viðkomandi heimilislæknis, sálfræðings heilsugæslunnar og/eða skólaskrifstofu bæjarfélagsins.

Öll börn eiga rétt á því að líða vel í skólanum og útskrifast þaðan með góðar minningar og það er hlutverk skólahjúkrunarfræðinga – meðal annarra – að hjálpa þeim að ná því markmiði. Það má því með sannni segja að skólahjúkrunarfræðingar séu mikilvægur hlekkur í velferð og líðan barna og mikilvægt að almenningur sé upplýstur um störf þeirra. Skólahjúkrunarfræðingar setja nefnilega ekki bara plástra á skrámur, heldur hjálpa líka til við að græða sálarsárin. Við erum hér fyrir börnin ykkar.

Ilmur Dögg Nielsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur í Viðistaðaskóla, Hafnarfirði.



Elisabet Gunnarsdóttir er deildarstjóri könnunar- og meðferðar-teymis barna af erlendum uppruna.

Þurfum að sýna menningarnæmi

Elisabet Gunnarsdóttir er deildarstjóri könnunar- og meðferðar-teymis barna af erlendum uppruna.

Barnavernd Reykjavíkur starfrækir þrjú könnunar- og meðferðarteymi. Eitt einblínir á málefni eldri barna og eitt er fyrir yngri börn. „Þriðja teymið, okkar deild, hefur svo sérhæft sig í mál-efnum barna af erlendum uppruna frá því 1. október 2020. Þá erum við líka með sérstaka áherslu á mál er varða heimilisofbeldi,“ segir Elisabet.

Hærri prósentu hjá þessum hópi

Samkvæmt Elisabetu er það að sjálfsögðu ekki svo að ofbeldi sé viðvarandi vandamál hjá fjölskyldum af erlendum uppruna.

„Í flestum tilfellum auðvitað er um að ræða fjölskyldur sem ekki þarf að hafa afskipti af frekar en hjá öðrum fjölskyldum. Ástæðan fyrir þríþáttari skiptingu könnunarteyma er sú að árið 2019 vörðudu til dæmis 30% af öllum tilkynningum til Barnaverndar Reykjavíkur börn af erlendum uppruna. Þá þótti klárlega þörf á sérhæfingu í málaflokknum. Því ef maður hugsar um öll börn af erlendum uppruna í Reykjavík, þá eru þau talsvert færri en 30% af öllum börnum í Reykjavík.

Síðan könnunar- og meðferðar-teymi barna af erlendum uppruna hóf störf hafa 119 mál farið í vinnslu hjá teyminu. „Af þeim eru til dæmis 48 mál þar sem grunur liggur um líkamlegt ofbeldi á barni. Þá eru í vinnslu 33 mál þar sem grunur er um að barn hafi orðið vitni að ofbeldi á heimili sínu. Þrjú tilfelli varða áhættu hegðun barna.“

Flókið að skilgreina

Að sögn Elisabetar er oft erfitt að skilgreina og meta það hvað teljist vera erlendur uppruni og hvenær hann skiptir máli. „Við horfum þá fyrst og fremst á menningarmun og hvort þar sé eitthvað sem valdi ákveðnum vanda. Uppeldisaðferðir geta til dæmis verið mjög mismunandi á milli menninga og í einstaka tilfellum beita foreldrar börn líkamlegum refsingum. Þá er mikilvægt að við séum menningarnæm og gerum okkur grein fyrir ólíkri heimssýn einstaklinga út frá menningu, á sama tíma og við upplýsum og fræðum um að líkamlegar refsingar á börnum eru refsiverðar á Íslandi,“ segir Elisabet að lokum.



Helga Jóna Sveinsdóttir er gæða- og fræðslustjóri hjá Barnavernd Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aukning í fósturmálum

Helga Jóna Sveinsdóttir tók við nýju starfi sem gæða- og fræðslustjóri hjá Barnavernd Reykjavíkur í september 2020.

Áður var hún deildarstjóri fósturteymis hjá Barnavernd Reykjavíkur í fjórtán ár og þar áður gegndi hún samþætilegu starfi á Akureyri í tíu ár. Ásamt því að útbúa verkferla fyrir teymin til að vinna eftir, situr Helga vikulega úthlutunarfundi ásamt Sigurði Erni Magnússyni og Sigrúnu Þórarinsdóttur og úthlutar málum til teymanna. „Á milli úthlutunarfunda geta komið upp tilfelli sem þarf að vinna strax. Þá sér bráðavaktin um það og málinu er svo úthlutað til viðeigandi teymis á næsta úthlutunarfundi,“ segir Helga.

Barnavernd vinnur ávallt á grundvelli meðalhófs. „Við reynum allt til þess að hjálpa fjölskyldum að vera saman, en það er markmið barnaverndarlaga. Á síðasta ári var aukning í málum hjá börnum í varanlegu fóstri frá því 2019. Einnig hefur hópurinn 18-20 ára verið að stækka ár hvert. Í lok síðasta árs 2020 í Reykjavík voru um 200 börn í varanlegu,

tímabundnu, styrktu fóstri eða í vistun fyrir 18-20 ára.“

Það vantar alltaf fósturforeldra

Markmiðið barnaverndar er alltaf að barnið fari aftur heim ef barnið fer í tímabundna vistun meðan á máli stendur. „Í þyngstu málum, ef ekki næst samkomulag við foreldra og þeim tekst ekki að taka á sínum málum, fara mál fyrir barnaverndarnefnd og dómstóla þar sem börn hljóta varanlega vistun. Í kjölfarið er nauðsynlegt að koma börnum í fóstur hjá aðstandendum eða fósturforeldrum, en staðreyndin er sú að það vantar alltaf fósturforeldra.“

Fósturmál eru margþætt og varða börn og unglinga á öllum aldri allt frá ungabörnum og upp í tvítugt. „Þegar barn fer í fóstur er oftast um að ræða neyslu foreldra eða geðræn vandamál og þá vanrækslu barns af völdum þess. Í einstaka tilfellum, til dæmis þegar um er að ræða neyslu móður á

meðgöngu, fara börn aldrei heim heldur beint á vistheimili með foreldrum til þess að tryggja öryggi barnsins.“

Barnavernd Reykjavíkur starfrækir nokkur heimili og úrræði fyrir börn sem þurfa tímabundna vistun eða búsetuúrræði, fyrir utan úrræði sem eru í boði á vegum Barnaverndarstofu. „Mánaberg er með sjö pláss fyrir börn 0-12 ára. Þar er íbúð sem foreldrar geta dvalið í tíma-bundið undir eftirliti og fengið stuðning og kennslu. Einnig er boðið upp á greiningarvistun á Mánabergi. Svo þjóða þau upp á greiningarráðgjöf þar sem starfsmaður kemur inn á heimili 2-3 í viku og veitir uppeldisfræðslu og stuðning. Hraunberg er með fjögur pláss fyrir 13-18/20 ára. Það er skammtíamavistunarheimili þar sem hámarksdvöl er um 90 dagar. Á Hamarskoti á Suðurlandi eru 6 pláss og á Ásvallagötu eru 4 pláss. Í báðum tilfellum er um að ræða fjölskylduúrræði.“

Verndun barna í forgangi

Um 100 misalvarleg ofbeldismál þar sem þolendur eru undir 18 ára aldri koma inn á borð lög-reglu á hverju ári. Rannsóknir eru mjög vandaðar og reynt er að hraða afgreiðslu málanna.

Ásmundur Örn Guðmundsson er lögreglufulltrúi í miðlægrri rannsóknardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og yfir ofbeldisbrotadeild hennar. Hann segir að mál sem snúa að ofbeldi gegn börnum séu alltaf í forgangi og mjög vandaðir og nákvæmir ferlar fylgi rannsóknum þeirra.

„Mál sem snúa að ofbeldi gagnvart börnum eru greind þegar þau koma inn með tilliti til alvarleika og áhættumats og svo er ítarleg rannsóknaráætlun sett upp þannig að það sé alltaf yfirsýn og góð stjórn á rannsókninni. Við reynum líka alltaf að hraða þessum málum,“ segir Ásmundur. „Þessar rannsóknaráætlanir hafa reynst vel og verið til mikilla bóta.

Í öllum tilvikum er unnið í nánú samstarfi við barnaverndaryfirvöld og stundum félagsmálafyrirvöld líka,“ segir Ásmundur. „Það er sérstakur starfsmaður hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem sinnir samskiptum við Barnavernd og samstarfið er mjög gott.“

Fjölbreytt og flókin mál

„Samkvæmt íslenskum lögum er skylda að tilkynna það til Barna-



Ásmundur Örn Guðmundsson er lögreglufulltrúi í miðlægrri rannsóknardeild Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og yfir ofbeldisbrotadeild hennar, sem rannsakar m.a. ofbeldi gegn börnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

verndar ef grunur er um að barn sé beitt ofbeldi. Það er mikilvægt að leyfa börnum að njóta vafans og fagaðilar eiga að fá að skoða málin og gripa til aðgerða ef þörf er á,“ segir Ásmundur. „Yfirleitt fáum við kæru eða beiðni frá barnaverndaryfirvöldum um að lögregla hefji rannsókn vegna gruns um ofbeldi gegn börnum, en Barnavernd fær yfirleitt veður

af þessum málum í gegnum skóla eða tómstundir eða frá öðrum aðilum sem börnin treysta og eiga auðvelt með að leita til.

Þessi mál koma líka upp þegar einhver kemur á stöðina og tilkynnir þau, í útköllum og við fáum líka tilkynningar frá spítölum og sjúkrahúsum þegar eitthvað grunsamlegt kemur upp,“ segir Ásmundur.

Í öllum tilvikum er unnið í nánú samstarfi við barnaverndaryfirvöld.

„Við sinnum ekki bara málum sem snúa að líkamlegu ofbeldi, heldur líka andlegu,“ segir Ásmundur. „Í heimilisofbeldismálum verða börn t.d. oft vitni að áralöngu ofbeldi og rannsóknir hafa sýnt að það hefur viðtæk og langvarandi áhrif. Þegar börn verða vitni að heimilisofbeldi þar sem annar aðili á heimilinu er þolandinn flokkast það sem ofbeldi gagnvart börnunum.

Þessi mál eru í eðli sínu oft mjög flókin og krefjandi og mjög oft hafa aðilar nán tengsl eða skyldleika,“ segir Ásmundur. „Það flækir auðvitað ýmislegt og eðlilega eru oft miklar tilfinningar í spilinu.“

Börnum hlíft eftir megni

„Börn sem eru brotapolar fá undantekningarlaust réttargæslumann sem er lögmaður og gætir hagsmuna þeirra í hvívetna,“ segir Ásmundur. „Flestar skýrslutökur yfir börnum fara svo fram í Barnahúsi, en ekki á lögreglustöðinni.

Það eru fagaðilar sem sjá um að taka framburð af þeim, en ekki lögregla.

Í Barnahúsi er málið jafnframt stutt fyrir dómi, þannig að dómari er viðstaddur og stýrir skýrslutökunni úr hliðarherbergi í gegnum fjarfundarbúnað. Eins og í dómsal eru líka réttargæslumaður, fulltrúi Barnaverndarnefndar, verjandi sakbornings, rannsóknarlögreglumaður og fulltrúi ákærvaldsins viðstaddir,“ útskýrir Ásmundur. „Þetta er gert til að málsmæðferð verði sem minnst íþyngjandi fyrir barnið og það þurfi ekki að fara aftur í skýrslutökur.“

Strákar oftast þolendur

„Mín deild rannsakar ekki mál eins og til dæmis skólaslagsmál, en ef teknar eru saman tölurnar yfir öll ofbeldismál þar sem brotapolar eru undir 18 ára aldri, þar sem smávægileg mál eru talin með, þá eru þetta sirka 100 mál á ári og það hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu árin,“ segir Ásmundur. „Ef við berum saman drengi og stúlkur er áberandi að á síðustu tveimur árum hafa strákar verið í áberandi meirihluta þeirra sem verða fyrir ofbeldi, en þeir eru þolendur í um 70% tilvika.“

Ekki taka þátt í ofbeldi, segðu frá

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið fyrir vitundarvakningu um slagsmál unglunga. Það er áhættu- hegðun sem virðist útbreidd meðal ungmenna á Íslandi.

Einar Ásbjörnsson hefur tekið þátt í vitundarvakningu lögreglunnar. Tilgangurinn er að reyna að uppræta þessa ofbeldismenningu.

„Upphafið á vitundarvakningunni var að okkur hjá lögreglunni bárust upplýsingar um að unglingar væru að slást og taka slagsmálin upp og dreifa upptökunum á netinu. Oft voru þetta gróf slagsmál sem dreift var í lokuðum hópum á samfélagsmiðlum. Við fengum send til okkar myndbönd en það var ekki í öllum tilvikum vitað hverjir voru á myndböndunum svo við reyndum að komast til botns í því,“ útskýrir Einar.

„Við höfðum samband við foreldra og forráðamenn krakkanna til að afstýra að það yrði framhald á slagsmálunum. Foreldrarnir og forráðamennirnir mættu með krakkana til skýrslutöku og þar sýndum við þeim hvað um var að ræða. Í flestum tilvikum voru þetta ósakhæf börn sem höfðu ekki náð 15 ára aldri. Viðtökurnar voru undantekningarlaust góðar. Fólk var ánægt með að vera látið vita þó það væri auðvitað sjokkerað yfir ástandinu og því sem það sá.“

Einar segir að einnig hafi verið haft uppi á þeim sem tóku upp myndböndin og þeim sem sáu standa hjá og horfa á slagsmálin. „Þá urðum við þess áskynja að þau sem höfðu ekki orðið fyrir barsmiðunum heldur bara horft aðgerðarlaus á og jafnvel ekki þorað að stiga inn í, urðu líka fyrir miklum áhrifum. Þeim leið mörgum hverjum bölvanlega því það voru jafnvel vinir þeirra sem var verið að taka í gegn,“ útskýrir hann.



Einar Ásbjörnsson hvetur unglunga til að segja frá ef þau vita af slagsmálum í uppsiglingu. MYND/ADSEND

Í kjölfarið á þessu lét lögreglan útbúa forvarnarmyndbönd þar sem nokkrir þjóðkunnir einstaklingar komu fram ásamt lögreglumönnum.

„Við lögðum mikið í þetta verkefni en myndböndin voru sýnd á netinu og eru enn aðgengileg þar. Við tókum eftir að þessum málum fækkaði í kjölfarið af átakanu en þessi tilfelli eru samt enn að koma upp.“

Einar hvetur unglunga til að láta einhvern fullorðinn sem þau treysta vita, ef þau fréttu af slagsmálum í uppsiglingu.

„Það hlýtur að vera andstyggileg upplifun fyrir krakka ef eitt-hvað gerist sem hefur alvarlegar afleiðingar og þau gerðu ekkert í því að koma í veg fyrir það. Því fylgir viss ábyrgð að segja ekki frá og margir unglingar eiga erfitt með að burðast með þá ábyrgð.“

Mörgum börnum líður illa

Þriðjungur símtala í Hjálparsímann 1717 er frá börnum.

Börn og unglingar hafa alltaf hringt mikið í Hjálparsímann en í haust, þegar COVID-19 sótti aftur í sig veðrið, varð mikil aukning. Þetta eru börn niður í ellefu ára og þeim líður mörgum mjög illa, oftast en ekki vegna kvíða, eineltis, námsörðugleika og stafræns kynferðisofbeldis,“ segir Sandra Björk Birgisdóttir, verkefnastjóri Hjálparsímans 1717. Þar hefur verið mikill stigandi í símtölum frá börnum og unglingum á undanfögnu ári og eru þau nú um þriðjungur allra símtala í 1717.

„Mörgum börnum líður mjög illa þegar þau hafa samband við Hjálparsímann og því miður finnum við glögg fyrir aukningu sjálfsvígshugsana á meðal barna, allt niður í tólf ára. Þegar einstaklingur hringir í okkur er það ákall á hjálp. Við erum til staðar fyrir alla, alltaf og það er alltaf hægt að fá einhverja hjálp.“

Óttast að segja frá ofbeldi

Hjálparsíminn er opinn allan sólarhringinn, alla daga ársins. Yfir 120 sjálfboðaliðar sitja við símann og það kostar ekkert að hringja.

„Flest börn hafa samband við Hjálparsímann í gegnum netið en mjög mörg taka líka upp tölið. Það er stórt skref og við hrósum þeim alltaf fyrir að hafa samband. Allir hringja inn nafnlaust og í fullum trúnaði, við vitum ekki hver þau eru, né vita þau hver við erum. Þegar grunur er um ofbeldi eða vanrækslu gagnvart barni er mjög mikilvægt að gripa inn í.

Það er algengt að börn óttist það að segja frá ef þau búa við ofbeldi eða vanrækslu, þau óttast að þá fái foreldrar þeirra að vita að þau hafi hringt og sagt frá og upplifa það eins og þau séu að svíkja foreldra sína. Við útskýrum fyrir börnunum að enginn eigi að upplifa ótta eða vanlíðan heima, í skólanum eða neins staðar, og stundum þurfi



Sandra Björk Birgisdóttir er verkefnastjóri Hjálparsímans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mamma og pabbi hjálp í smá tíma og að margir séu fúsir til að hjálpa þar til.“

COVID-tíminn erfiður

Erindi barna í Hjálparsímann eru af fjölbreyttum toga.

„Það geta verið allt frá ráðleggingum um getnaðarvarnir yfir í vanrækslu og ofbeldi. Sum hringja vegna þess að þeim gengur illa í skólanum, líka þau sem hafa staðið sig vel fram að þessu en misst tökin í heimsfaraldrinum. Þá hringja til okkar börn sem koma frá góðum heimilum og eiga góða foreldra, og finnst þau ekki hafa rétt á því að hringja þar sem ekkert ami að í lífi þeirra en þó liði þeim illa,“ upplýsir Sandra.

Hún segir depurð hafa aukist meðal barna í COVID-ástandinu.

„Undanfarið ár hefur verið börnum og unglingum erfitt. Skólinn hefur ekki verið með föstu sniði, þau hafa ekki getað stundað tómstundir né hitt vini sína eins og áður. Annað sem veldur börnum sálarangist er stafrænt kynferðisofbeldi. Þá eru nektarmyndir af þeim komnar eru í dreifingu á netinu, sem þau ná ekki að stoppa. Þau hringja þá ráðalaus, full sjálfsásakana og vilja láta sig hverfa; kenna sjálfum sér um og vilja engum segja

frá, allra síst mömmu og pabba.

Við komum þeim í skilning um að verknaðurinn sé ekki þeirra skömm heldur gerandans og kynnum þeim leiðir til að tilkynna sjálf myndbirtingar á netinu,“ segir Sandra.

„Að hringja í 1717 er fyrsta skrefið í átt að betri líðan. Við hlustum og veitum leiðsögn og þá er yfirleitt auðveldara fyrir börnin að tala við foreldra sína eða kennarann um það sem liggur þeim á hjarta.“

Ekkert vandamál er of stórt

Árið 2020 var metár í hringingum í Hjálparsímann 1717. Þá bárust yfir 22.600 símtöl í samanburði við 15 þúsund á ári. 1717 hefur líka verið nýttur sem upplýsingasími, sem hluti af Almannavörnum.

„Mottó okkar í Hjálparsímanum er að ekkert vandamál sé of stórt né lítið. Við tókum vel á móti öllum um allt á milli himins og jarðar; stundum er það einmana fólk sem þarf mannlega nánd í samtali, fólk í kvíðakasti, ástarsorg eða sjálfsvígshugsunum sem geta verið óljósar en líka í þann veginn að taka sitt líf. Við erum alltaf til staðar; til að hlusta, gefa góð ráð og hjálpa.“

Munið Hjálparsímann! Númerið er 1717.



Helena Dögg Magnúsdóttir segir mikilvægt að öllum liði vel í unglinga-starfinu. FRÉTTA-BLAÐIÐ/VALLI

Krakkar fá útrás fyrir athafnaþrá

Hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg fer fram skipu-lagt unglingastarf um allt land. Helena Dögg Magnúsdóttir er verkefnastjóri unglingamála en hún byrjaði sjálf í unglingastarfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem unglingur. Í starfinu eru um 1.000 unglingar á landsvísi í 48 deildum.

„Í unglingastarfinu er verið að þjálfa upp framtíðarbjörgunar-sveitafólk og því fá krakkarnir nasapef af öllu starfi björgunar-sveitanna. Þau læra kortalestur, fyrstu hjálp og fá að fara út á bátana og í jeppaferðir. Starfið er byggt upp þannig að það sé mjög fjölbreytt. En það fer að miklu leyti eftir því hvað umhverfið hefur upp á að bjóða,“ útskýrir Helena.

Starfið miðast við unglinga á aldrinum 13-18 en það er mis-jafnt eftir björgunarsveitum hvar mörkin eru dregin innan þessa aldurshóps.

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að krökkunum liði vel í starfinu og þess vegna eru

allir okkar umsjónarmenn vel þjálfaðir. Þeir þurfa að fara á umsjónarmannanámskeið sem er eins konar leiðtogaþjálfun. Allir umsjónarmenn eru skyldugir til að taka það námskeið. Einnig þurfa umsjónarmenn að fara á námskeið á vegum Æskulýðsvettvangsins sem heitir verndum þau. Það námskeið er mikilvægt fyrir alla sem starfa með börnum. Þar er farið yfir það hvernig hægt er að lesa í vísbendingar um vanrækslu eða ofbeldi. Hvort sem það er líkamlegt, andlegt eða kynferðis-legt ofbeldi. Við erum hluti af Æskulýðsvettvanginum og höfum nýtt okkur námskeið á vegum hans til að viðhalda gæðum starfs-ins,“ segir Helena.

„Við erum oft ekki að fá stóra vinahópa hingað inn. Það er meira um einstaklinga og við þurfum að hlúa að þeim. Krakkarnir eru oft að finna sér útrás fyrir athafnaþrá, það er mikill kraftur í hópnum og við erum að kenna þeim að finna athafnaþránni leið á skemmti-legan og heilbrigðan hátt.“

Þakklátur fyrir traust þjóðarinnar í 25 ár

Vefsvæði 112 er allsherjar upplýsingagátt. Þar er hægt að nálgast upplýsingar um ólíkar tegundir ofbeldis og hafa beint samband við neyðarverði í gegnum netspjall.

Tómas Gíslason, aðstoðar-framkvæmdastjóri 112, segir hlutverk Neyðarlínunnar vera að bjóða upp á eitt samræmt neyðarnúmer sem veiti mannúð-lega, óhlutdræga og áreiðanlega þjónustu.

Í takt við breytta tíma

Tómas segir mikla áherslu lagða á að kynna sam-evrópska Neyðar-númerið 112 og að sú vinna hafi borið árangur. „Nú vita landsmenn að ef þeir lenda í neyð eiga þeir að hafa samband við 112. Hvað eiga þeir að gera ef þeir eru ekki vissir um hvort þeir séu í neyð? Afhverju ekki að nýta 112.is sem allsherjar upplýsingagátt um allt tengt neyð, og þá jafnvel í einhverjum tilvikum að koma í veg fyrir að vond mál nái að þróast alla leið í neyðarástand? Samfélagið er líka að breytast og er mörgum orðið mun tamara að fara á vefsvæði til að leita upplýsinga og lausna, heldur en að hringja beint.“

Í kjölfar átaks á vegum ráðuneyta dómsmála og félags- og barnamála var ákveðið að setja á fót rafræna gátt á vegum 112 sem auðveldar fólki að leita hjálpar og nálgast upplýsingar um ofbeldi í nánun samböndum.

„Vefsvæði 112 var dýpkað þann-ig að allt sem tengist fyrirtækinu Neyðarlínunni færðist niður um eitt lag, en efsta lagið er eins og að koma í anddyri bókasafns, þaðan



Tómas Gíslason aðstoðarfram-kvæmdastjóri.

sem gestir eru leiddir beint að efnisflokkum sem tengjast ýmsum hliðum ofbeldisbeitingar, og til hvaða úrræða þolendur og jafnvel gerendur geta leitað til að fá hjálp við hæfi. Ætla má að í einhverjum tilvikum muni vitneskjan um hvað sé ofbeldi, duga til að koma í veg fyrir að einstaklingur nái að verða fórnarlamb.“

Fjöldmörg úrræði til boða

Tómas vonar að landsmenn kynni sér efnið og æfi sig í að þekkja ein-kenni ofbeldissambanda, hvort heldur er hjá sjálfum sér eða öðrum í kringum sig. „Ég er viss um að til eru gerendur sem átta sig ekki á að þeirra samskiptamáti sem var kannski eðlilegur á þeirra æsku-heimili, er ekkert annað en andlegt ofbeldi á mælikvarða samfélagsins í dag, og jafnvel þá líka,“ segir hann.

„Úrræðin eru fjöldamörg, en oft með lítið fjármagn til að standa í kynningarstarfi, ef þolendur ná að treysta því að svörin sé að finna á 112.is þá er það orðið mikið lægri þröskuldur að hjálpinni. Allt efni á gáttinni er birt á bæði ensku og pólsku, og hugsanlega fleiri málum síðar.“

Hvað er starfsfólki efst í huga á 25 ára afmæli Neyðarlínunnar?

„Þakklæti fyrir það traust sem-þjóðin hefur sýnt okkur síðustu 25 ár, og svo tilhlökkun yfir nýrri björgunarmiðstöð sem vonandi auðveldar okkur að sýna þann sveigjanleika sem þarf til að halda okkur í fremstu röð næstu 25 ár.

Við þurfum að vera tilbúin til að bregðast við svo að við getum haldið áfram að vera sá staður sem tæp 95% þjóðarinnar treysta á þegar í neyðirnar rekur.“



Otti hóf björgunarsveitarferil sinn í unglingastarfinu. MYND/ADSEND

Gott veganesti

Unglingastarf Landsbjargar er gott veganesti út í lífið að sögn Otta Rafns Sigmars-sonar björgunarsveitarmanns. Otti Rafn er varaformaður stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar, hóf sjálfur feril sinn sem björgunarsveitarmaður sem unglingur í unglingastarfinu í Grindavík. Otti steig sín fyrstu skref í starfinu 14 ára gamall árið 1999 og hefur síðan þá verið við-lodandi unglingastarfi.

„Þetta er æskulýðsstarf þar sem við hittumst að jafnaði einu sinni í viku. Fyrst og fremst til að þjálfa unglingana í að verða björgunarsveitarfólk með ýmsum björgunartengdum æfingum og verkefnum. Við æfum okkur í fjalla- og ferðamennsku, rötun, klifri, þörum á báta og æfum leit og björgun. En við erum líka að efla ungt fólk til þátttöku í samfélaginu. Að kenna því sam-vinnu og traust. Langfæstir sem

byrja í unglingastarfinu enda sem björgunarsveitarmenn en starfið er samt góður grunnur fyrir lífið. Bara það að þjálfa ungt fólk í hvernig það á að klæða sig eftir veðri og skoða veðurspána er þekking sem gott er að hafa og eflir unglingana sem fólk í sam-félaginu,“ segir Otti Rafn.

Í Grindavík þar sem Otti býr eru að jafnaði um 25 unglingar í ungl-ingastarfi björgunarsveitarinnar.

„Ég hef mætti á fundi hjá ungl-ingadeildinni að minnsta kosti einu sinni í viku síðan árið 2002 þegar ég varð umsjónarmaður. En nú eru aðrir ungir og efnilegir menn sem halda utan um starfið. Ég fæ bara að vera með. Ég hef starfað í minni björgunarsveit og verið mjög virkur félagi frá því ég var 18 ára. Ég mæli heldur betur með því fyrir unglinga að taka þátt í starfinu. Líka þeim sem ætla sér ekki endilega að verða björgunarsveitarfólk. Unglinga-starfið er hollt og gott fyrir alla.“

Fræðsla ekki hræðsla

Arnrún Magnúsdóttir hefur unnið í yfir 20 ár kennsluefni fyrir börn á leikskólaaldri sem nefnist Lausnahringurinn.

Arnrún útskrifaðist sem leik-skólakennari árið 2000 og byrjaði á sama tíma að setja niður hugmyndir sínar varðandi forvarnir í ofbeldismálum fyrir börn frá tveggja ára aldri.

„Þetta forvarnarverkefni mitt kalla ég „Fræðsla ekki hræðsla“ og ég hef markvisst lítið það jafn mikilvægt og umferðarfræðslu. Við höfum í mjög mörg ár verið að fræða börn um hluti eins og umferðina og tannhirðu en aldrei um það hvernig líkaminn virkar, hvernig við setjum mörk og hvernig við getum rætt það miðað við þroska hvers og eins.“

Lausnahringurinn var tilnefndur til verðlauna Heimilis og skóla.

Sjö samskiptareglur

Arnrún starfar í leikskólanum Brákarborg þar sem áhersla er lögð á að innleiða jákvæðan aga. „Út frá því varð til verkfæri sem heitir Lausnahringurinn sem börnin þjuggu til með mér. Það eru okkar samskiptareglur sem við notum í lif-inu, þau á milli sín, við á milli okkar og svo á milli þeirra og okkar.“

Reglurnar eru sjö talsins. „Þær ganga út á að geta sagt stopp, segja fyrirgefðu, að stjórna sér, en þá er bæði átt við að stjórna líkama sínum og munninum, við segjum ekki ljót orð hvort við annað, að bjóða knús, sem reyndar fór í frí í COVID, að skiptast á, fullorðnir hjálpa börnum og börn hjálpa full-orðnum, og svo að bjóða öðrum að vera með, það er að segja að skilja



Arnrún segir mikilvægt að fræða börn um mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ekki út undan,“ segir Arnrún.

Fræðsla og aðgerðaáætlun

„Við erum með Lausnahringja námsskrá í skólanum sem við innleiðum mjög markvisst. Á deildinni þar sem elstu börnin eru er einn sem ber ábyrgð á því að vera lausnahringjastjóri. Þau eru eins og umferðarstjórnir okkar, það er hægt að hóa í þau og þau leggja sig fram við að leysa ágreiningsmál. Þau hjálpa til við að greina vandann og ná þann-ig oft að leysa vandann sjálf með samvinnu.“

Arnrún segir að samhliða þessu sé hún með „fræðslu ekki hræðslu“, forvarnarkennslu sem lýtur að því

að fræða eldri börnin áður en þau fara á næsta skólastig. „Það er svo að þau viti hvað ofbeldi sé, þekki ólíkar tegundir ofbeldis og séu meðvituð um barnasímann, 112, og geti leitað þangað ef þau verða mjög hrædd.“

Fræðslan er einnig hugsuð fyrir starfsfólk leikskóla og foreldra. „Síðan hef ég farið í leikskóla og boðið starfsfólki upp á ákveðinn fræðslu- og námskeiðspakka þar sem þau gera sína eigin aðgerða-áætlun. Við vinnum að ætlun um það hvernig bregðast skuli við ef grunur kemur upp um ofbeldi, hvernig getum við verið vakandi fyrir merkjum og hvernig við getum brugðist við.“

Mæta ofbeldi með fræðslu

Æskulýðsvettvangurinn býður upp á fræðslu um ólíkar birtingarmyndir ofbeldis og getur stigið inn í sem óháður aðili til að aðstoða við að leysa úr ofbeldismálum sem tengjast börnum.

Æskulýðsvettvangurinn er samstarfsvettvangur Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Ungmennafélags Íslands. Þessir aðilar vinna að sameiginlegum hagsmunum barna og ungmenna í íþrótt- og æskulýðsstarfi og stuðla að uppbyggilegum, vönduðum og öruggum aðstæðum í slíku starfi.

„Það sem við leggjum áherslu á er að þeir sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvitaðir um sínar skyldur og ábyrgð svo umhverfið sé sem öruggast,“ segir Sema Erla Serdar, framkvæmdastýra Æskulýðsvettvangsins. „Bæði svo hægt sé að reyna að koma í veg fyrir mál sem kunna að koma upp, svo sem einelti, kynferðisbrot, agabrot og fleira, og líka svo að það séu leiðir til að fá úrlausn mála með einföldum hætti þegar slík atvik koma upp.

Við gerum þetta með fræðslu fyrir þá sem starfa með börnum og



Sema Erla segir að Æskulýðsvettvangurinn vilji stuðla að öruggum aðstæðum í íþrótt- og æskulýðsstarfi barna og ungmenna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ungmennum um birtingarmyndir ofbeldis, eineltis og vanrækslu og leggjum mikla áherslu á að fólk geti borið kennsl á vísbendingarnar og þekki leiðir til úrlausnar,“

segir Sema. „Við leggjum einnig áherslu á hvernig á að háttta samskiptum milli ungra iðkenda og fullorðinna, en samskiptaleiðir hafa breyst og það virðist hafa

Það sem við leggjum áherslu á er að þeir sem starfa með börnum og ungmennum séu meðvitaðir um sínar skyldur og ábyrgð svo umhverfið sé sem öruggast.

færst í aukana að þau séu óviðeigandi eða að minnsta kosti á gráu svæði. Við bregðumst við því með skýrum siðareglum um samskipti.

Við höfum líka þróað netnámskeið í barnavernd í samstarfi við fagaðila,“ segir Sema. „Það er mikilvægt að nýta það og það er öllum aðgengilegt ókeypis á vefnum okkar.“

Koma málum í farveg

„Í fritímaskarfi geta komið upp ýmis atvik og börn geta líka komið

inn í slíkt starf sem þolendur ofbeldis,“ segir Sema. „Stundum greina börn frá ofbeldi og þá skiptir sköpum að rétt sé brugðist við, annars er hætta á að barnið vilji ekki segja aftur frá.

Við erum með mjög vandaða viðbragðsáætlun með mjög skýrum ferlum,“ segir Sema. „Við komum inn sem óháður aðili og aðstoðum við að leysa úr málum. Stundum er nóg að ræða við fólk, en stundum þarf að tilkynna mál til barnaverndar og jafnvel lögreglu. Við komum málum þá í ferli hjá yfirvöldum og höfum svo ekki frekari afskipti nema þess sé óskað af hálfu yfirvalda og til þess að hlúa að aðilum máls.“

Á heimasíðu Æskulýðsvettvangsins, www.aev.is, eru alls kyns upplýsingar og verkfæri og hægt að tilkynna óæskilega hegðun. Netnámskeiðið í barnavernd er aðgengilegt hér: <https://nam-skeid.aev.is/>.

Mjög gefandi starf með unglingum

Starf umsjónarmanns unglingadeildar hefur gefið Halldóru Hjörleifsdóttur mikið og kennt henni margt. Hún segir að starfið sé viðamikíð og einkennist af kennslu, ráðgjöf og að leiðbeina.

Unglingadeildin Vindur á Flúðum var stofnuð í febrúar 2006 og hefur Halldóra Hjörleifsdóttir, umsjónarmaður deildarinnar, verið viðloðandi starfið síðan. „Það er ótrúlegt hvað tíminn liður en þetta er alltaf jafn skemmtilegt. Starfið hefur þróast jafnt og þétt en grunnurinn er alltaf sá sami, að kenna unglingunum grunninn í þekkingu björgunar-sveitarmanns en það er þekking sem nýtist vel út lífið þótt unglingarnir haldi ekki áfram starfi í björgunarsveitinni.

Ég hef starfað með fullt af frábærum unglingum og umsjónarmönnum og hefur samstarfið við unglingana gefið mér mikið og

Eftir öll árin í starfinu er gaman að líta yfir hóp stjórnarmanna margra björgunarsveita sem byrjuðu einmitt í unglingastarfinu á sínum tíma.

kennt mér margt.“

Fjölbreytt starf

Starf umsjónarmanns er mjög viðamikíð að hennar sögn og nokkurs konar blanda af því að vera félagi, kennari, foreldri og ráðgjafi. „Við skipuleggjum t.d.



Halldóra Hjörleifsdóttir, umsjónarmaður unglingadeildarinnar Vinds á Flúðum.

verkefni, ferðir og kennslu. Einnig þurfum við að vera tilbúin að vinna með þeim og taka þátt í leikjum auk þess sem við þurfum að vera viðbúin því að taka á erfiðum málum tengdum unglingunum.“

Hún segir mjög þroskandi að taka þátt í starfi unglingadeilda. „Í unglingadeildum starfa allir á sínum forsendum. Eftir öll árin í starfinu er gaman að líta yfir hóp stjórnarmanna margra björgunarsveita sem byrjuðu einmitt í unglingastarfinu á sínum tíma. Þessir krakkar voru stundum svo feimin og hlédræg en í dag standa þau uppi full sjálfstrausts og stjórna heilli björgunarsveit.“

Pláss fyrir alla

Unglingadeild björgunarsveitarinnar Ársæls býður upp á lærdómsríkt og skemmtilegt starf fyrir hressa og áventýragjarna unglinga.

„Starfið hjá unglingadeildinni Árnýju er rosalega fjölbreytt og skemmtilegt. Við öðlumst góðan grunn fyrir starf björgunarsveitarinnar og einnig margt annað sem nýtist okkur í daglegu lífi. Í þessu starfi felst líka gott hópefli sem er mjög uppbyggjandi og skemmtilegt,“ segir Atli Þór Jónsson, einn meðlima unglingadeildarinnar Ársæli sem staðsett er í Reykjavík og á Seltjarnarnesi. Atli Þór sótti um inngöngu þegar hann var fjórtán ára gamall. „Núna er ég á þriðja ári í starfinu hér og er rosalega ánægður hérna. Verkefnin eru fjölbreytt og við lærum margt nýtt.“

Atli hefur einnig tekið þátt í alþjóðlegu slysavarnastarfi í Evrópu sem fulltrúi Íslands. „Þá fórum við nokkur til Stokkhólms í Svíþjóð, fyrst í vinnusmiðju og síðar á alþjóðlega ráðstefnu um umferðaröryggi sem sneri að öryggi ungs fólks í umferðinni. Við ætluðum að



Atli er hér í blárrí úlpu. Hann segir félagsskapinn frábæran og hann hafi eignast marga nýja vini.

halda jafningjafræðslu og vinnusmiðjur í grunn- og menntaskólum um allt land en kórónaveiran stoppaði þau áform. Því ætlum við aftur að reyna í ár en þau sem koma að verkefninu eru Slysavarnafélagið Landsbjörg, Samgöngustofa og Samfés.“

Hann mælir hiklaust með unglingastarfinu. „Starfsemi unglingadeilda er tilvalin fyrir ungt fólk sem hefur t.d. áhuga á útivist og vill kynnst frábæru starfi björgunarsveitanna. Svo er líka pláss fyrir alla í unglingadeildunum. Starfið er mjög gefandi og þroskandi. Ég hef öðlast meiri þekkingu á útivist og mörgu sem ég tek mér fyrir hendur í daglegu lífi.“

Margt heillandi í starfinu

Eftir fyrsta kynningarfund ákvað Hrefna Dis Pálsdóttir að prófa fyrsta fundinn. Hún sér svo sannarlega ekki eftir því.

Hrefna Dis féll fyrir unglingastarfi björgunarsveitanna þegar fulltrúar unglingadeildar Hafstjórnnunnar á Ísafirði héldu kynningu fyrir bekkinn hennar í grunnskóla Ísafjarðar. Hún ákvað að prófa einn fund ásamt öðrum stelpum og sjá til hvernig henni litist á starfið. „Eftir einn prufufund ákvað ég að fara á annan og svo byrjaði ég að mæta á fundi af því mér fannst þetta svo skemmtilegt. Ég held að tilhugsunin um að síga, leika sér á slöngubátum og læra helling af nýjum hlutum hafi verið það sem heillaði mig fyrst.“

Hún segir meðlimi deildarinnar læra margt nýtt á sama tíma og stutt er í gamanið. „Það er líka mikilvægt að þetta sé skemmtilegt. Við fáum líka að sækja alls konar námskeið og æfingar eins og rústabjörgun, notkun snjóflóðayla og margt fleira. Í ungmenningaráðinu fáum við auk þess að hjálpa við að skipuleggja viðburði eins og



Hrefna Dis Pálsdóttir er meðlimur unglingadeildar Hafstjórnnunnar á Ísafirði og líkar vel. MYND/ADSEND

miðnæturmót og landsmót. Einnig fáum við að hjálpa til við að búa til nýjar reglur og auglýsa starfið betur út á við og margt annað skemmtilegt.“

Gefið henni margt

Unglingastarfið hefur gefið henni mikið. „Ég mun alltaf eiga þá vini sem ég hef kynnst í þessu starfi, t.d. á landsmótum og miðnæturmótum. Einnig mun ég búa yfir reynslunni og þekkingunni sem ég hef öðlast út lífið, t.d. þegar kemur að fyrstu hjálp sem mér finnst mikilvægt að allir kunni. Auk þess munu félagslegu hæfileikarnir sem ég hef lært nýfast mér, t.d. þegar kemur að því að tala við nýtt fólk og kynnst því.“

Hún mælir heilshugar með því að ungt fólk kynni sér starfsemi unglingadeildanna og taki þátt. „Mér finnst að allir ættu að prófa a.m.k. einn fund. Það er svo margt skemmtilegt og nýtt í boði þar og hægt að kynnst mörgu skemmtilegu fólki. Mér finnst líka að maður eigi að gefa öllu séns og prófa allt áður en maður dæmir það.“